

Alþingi
Erindi nr. P 130/847
komudagur 26.1.2004

Reykjavík, 20.01.2004


Til: Nefndarsviðs Alþingis, Umhverfisnefnd, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Varðar: umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Líffræðifélag Íslands hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingu á lögum nr. 76/2000. Af því tilefni sendi félagið beiðni um yfirferð til félagsmanna. Líffræðifélagið þakkar fyrir að fá tækifæri til að kynna sér frumvarpið með þessum hætti og koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. Sú breyting er gerð á 3. gr. núgildandi laga að skilgreining á “umtalsverðum umhverfisáhrifum” er felld út. Líffræðifélag Íslands setur spurningarmerki við forsendur þessarar breytingar, enda ekki sammála því að ekki sé unnt að færa hugtakið í „form almennrar skilgreiningar“, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu.
2. Líffræðifélag Íslands lýsir áhyggjum sínum af þeirri auknu ábyrgð sem sett er á herðar framkvæmdaraðila í 9. grein lagafrumvarpsins, en ljóst er að mat hans á umsögnum á athugasemdum kemur til með að vega þungt eftir að þessar breytingar hafa verið lögfestar. Jafnframt lýsir félagið nokkurri furðu á því að ekki virðist gert ráð fyrir að álitsgjafar og umsagnaraðilar fái að fjalla um lokaútgáfu matskýrslu.
3. Líffræðifélag Íslands telur, sbr. 2. athugasemd hér að framan að gjalda beri varhug við því að auka ábyrgð framkvæmdaraðila á endanlegri útkomu matsferilsins. Með því að minnka valdssvið Skipulagsstofnunar úr því að kveða upp úrskurð í að gefa álit, eins og gert er ráð fyrir í 11. gr. frumvarpsins, telur félagið að enn meiri hætta skapist á því að hlutlægni matskýrslu og gildi verði dregið í efa.
4. Líffræðifélag Íslands lýsir vonbrigðum sínum með þá þrengingu á aðkomumöguleikum almennings að matsferlinu, sem boðuð er í 12. grein lagafrumvarpsins og bendir á að það getur verið erfitt að færa hugtök á borð við „sérstaka hagsmuni“ í form almennrar skilgreiningar.
5. Í 13. gr. frumvarpsins er m.a. kveðið á um að leyfisveitandi skuli “taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum [framkvæmda].” Í 3. gr. frumvarps til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, sem einnig voru send til umsagnar, er þetta ítrekað hvað varðar leyfisveitingu sveitarfélaga. Í skýringum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram að sveitarstjórn sé ekki skylt að binda framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum sem fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar. Líffræðifélag Íslands ítrekar með hliðsjón af þessu áhyggjur sínar af smækkuðu hlutverki Skipulagsstofnunar, sem áður hefur verið fjallað um í 3. liði hér að framan.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Líffræðifélags Íslands,


Ólöf Yrri Atladóttir, formaður.